

Kópavogur, 15. mars 2022

Varðar: Athugasemdir við deiliskipulagsbreytingu á skipulagi Hörðuvalla - Tröllakór

Tilgangur deiliskipulagsbreytingar er að breyta afmörkun skipulagssvæðisins til að koma fyrir skólagörðum og garðlöndum fyrir bæjarhlutann. Skipulagssvæðið stækkar úr 6,85 ha í um 7,7 ha, svæðið fyrir skólagarðana og garðlöndin er um 0,4 ha.

Að mörgu leyti er fagnað þeim áformum Kópavogsbæjar að koma fyrir skólagörðum og garðlöndum í nágrenni byggðarinnar. Slíkt getur, ef vel er að staðið og svæðinu viðhaldið, verið mikilvægur þáttur í að auka búsetugæðin á svæðinu. Jafnframt er því fagnað að Kópavogsbær ætli að móta skjólbelti á svæðinu, enda getur verið mjög vindasamt á þessu svæði.

Hins vegar verður að mótmæla þeirri útfærslu sem kynnt er í deiliskipulagsbreytingunni sem snýr að skólagörðum/garðlöndum.

Athugasemd við staðsetningu skólagarða og garðlanda

Samkvæmt breytingartillögu eru skólagarðar settir upp að lóðamörkum íbúðarsvæðis, sérstaklega Tröllakór 18-20. Landhalli og staðhættir eru þannig að mjög sýnilegt verður inn á verönd og garðsvæði íbúanna. Umferð og nýting skólagarða mun því hafa veruleg áhrif á notagildi garðsvæðis og draga úr þeim gæðum sem eru til staðar í dag. Þegar íbúðir voru keyptar í Tröllakór var hvergi að sjá í skipulagsáætlunum Kópavogsbæjar áform um nýtingu sem þessa við lóðamörkin.

Samkvæmt deiliskipulagstillögu á að koma trjábelti milli lóðamarka Tröllakórs 18-20 og skólagarða og garðlanda. Það kemur hins vegar ekki til með að draga úr neikvæðum áhrifum tillögunnar. Fyrst má nefna að tíma tekur fyrir trjárækt að móta ákveðin og þétt skil. Auk þess mun öll trjárækt, sem nær ákveðinni hæð, valda skuggamyndun inn á garðsvæði Tröllakórs 18-20, sem er veruleg breyting á gæðum svæðisins.

Með breyttum sveitarfélagsmörkum er nægt svigrúm til að staðsetja skólagarða og garðlönd á öðrum stað en alveg upp að íbúðarsvæðinu og breyta þeim gæðum sem eru til staðar í dag. Íbúar mótmæla þeirri útfærslu sem fram kemur í tillögu og telja að hún geti haft áhrif á nýtingarmöguleika lóða við Tröllakór 18-20.

Tillaga að breytingum

Breyting á sveitarfélagsmörkum Kópavogs og Garðabæ, þar sem land Kópavogs stækkar vestur fyrir Markaveg, gefur tilefni til að hnika til staðsetningu skólagarða og garðlanda innan skipulagssvæðisins. Því er lagt til að Kópavogsbær leggi fram nýja tillögu um staðsetningu, þar sem nægt rými er á svæðinu til að færa garðana fjær lóðamörkum íbúðarbyggðar og draga þannig úr eða koma í veg fyrir neikvæð áhrif deiliskipulagsbreytingarinnar.

Þess er óskað að íbúar fái að sjá uppfærða tillögu að útfærslu deiliskipulagsins sem fyrst, þannig að unnt verði að tryggja hagsmuni íbúa við afgreiðslu málsins í stjórnarsýslu Kópavogs.

Undirritaðir eru eigendur íbúða í Tröllakór 18-20:

Ómar Valur Maack og Ragnheiður Davíðsdóttir, íbúð 0106

Björn Guðmundsson og Íris Ragnarsdóttir, íbúð 0306

Daníel Heiðar Hallgrímsson, íbúð 0104

Guðjón Árnason, Byggingarfélagið Gerpla ehf. íbúðir 0101, 0102, 0204, 0205, 0206, 0302, 0404, 0405, 0406

Ragnheiður Helga Pálmadóttir og Jökull Huxley Yngvason, íbúð 0201

Sigríður Birta Kjartansdóttir, íbúð 0303

Hjálmar Leó Einarsson, íbúð 0305

Linda Björk Waage, íbúð 0401

Halla Sigrún Gylfadóttir, íbúð 0105